

Ályktun stjórnar lækna ráðs Landspítala um Heilsugátt og rafræna sjúkraskrá Landspítalans

Lækna ráð Landspítala vekur athygli á góðum árangri sem náðst hefur með innleiðingu Heilsugáttar sem miðlægrar upplýsingaveitu í sjúkraskrárkerfum Landspítalans. Með tilkomu Heilsugáttar eru heilbrigðisupplýsingar gerðar aðgengilegri og umsýsla sjúkraskrárgagna auðvelduð fyrir lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk. Til fyrirmyndar hefur verið náin samvinna tæknisviðs og notenda við þróun kerfisins og úrlausn aðkallandi umbóta í skráningu heilsufarsupplýsinga.

Lækna ráð Landspítala leggur ríka áherslu á:

- Áframhaldandi þróun Heilsugáttar með auknum fjárheimildum
- Að nú þegar séu hafnar endurbætur á rafrænu skráningarkerfi fyrir lyf
- Áætlun um þjálfun starfsfólks í notkun sjúkraskrárkerfa sé skilvirkari
- Símenntun í hagnýtingu nýjunga við skráningu heilbrigðisupplýsinga
- Samræmingu sjúkraskrárkerfa fyrir alla heilbrigðisþjónustu í landinu

Lækna ráðs Landspítala hvetur til áframhaldandi þróunar á Heilsugátt sem miðlægum grunni í uppbyggingu sjúkraskrárviðmóts sjúkrahússins. Það er álit stjórnar lækna ráðs að auka þurfi verulega fjárframlög til þróunar sjúkraskrár Landspítala og samræmdrar sjúkraskrár á landsvísi. Skilvirkt sjúkraskrárkerfi stuðlar að bættri heilbrigðisþjónustu og eykur öryggi sjúklinga.

Samþykkt á fundi stjórnar lækna ráðs Landspítala 23. nóvember 2016

Reynir Arngrímsson, formaður